

Heimsókn Sveinbjörns og Sigurrósar til Stykkishólms dagana 4.-6. desember 2009

Við vorum svo heppin að Sveinbjörn var fánlegur til að koma með okkur að heimsækja Stykkishólm. Fyrst þurftum við reyndar að leyfa honum að prófa allt gamalt barnadót sem til er á heimilinu. Honum fannst hoppurólan skemmtilegust.

Á leiðinni út úr bænum stoppuðum við í Mosfellsbæ og fengum okkur að borða. Sveinbjörn var hinn prúðasti og við vorum voða stolt af honum.

Stykkishólmur er vinalegur bær og þar leið okkur vel. Við lékum okkur í snjónum. Sigurrós Arey byggði snjókarl á meðan Sveinbjörn fylgdist með út um gluggann. Þaðan sá hann líka sjóinn og fuglana sveima.

Sveinbjörn langaði niður í fjöru að tína skeljar en það var svo mikil hálka að við fórum niður að höfn í staðinn. Við höfnina voru margir bátar og risa klettur úr stuðlabergi. Upp á þann klett ætlar Sveinbjörn að ganga síðar í betra veðri.

Takk kærlega, elsku Sveinbjörn fyrir að koma með okkur.

Þín skólasystir

Sigurrós Arey Árnýjardóttir